

EIMSKIP KYNNIR AFKOMU ÁRSINS 2013

- Rekstrartekjur námu 433,8 milljónum evra og hækkuðu um 2,4% á milli ára
- EBITDA nam 37,1 milljón evra og dróst saman um 9,1% á milli ára að teknu tilliti til einkisliða ársins 2012
- Eiginfjárhlutfall var 65,5% í lok ársins
- Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 3,4% á milli ára
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 7,9% á milli ára
- Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem samsvarar 30,0% af hagnaði ársins
- Áætluð EBITDA fyrir árið 2014 er á bilinu 37 til 41 milljón evra

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q4 2013	Q4 2012	Breyting	%	2013	2012	Breyting	%
Rekstrartekjur	106.875	107.928	(1.053)	(1,0%)	433.824	423.653	10.171	2,4%
Rekstrargjöld	98.996	101.641	(2.645)	(2,6%)	396.770	387.485	9.285	2,4%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	7.879	6.287	1.592	25,3%	37.054	36.168	886	2,4%
Afskriftir	(5.487)	(6.118)	631	10,3%	(21.143)	(22.436)	1.293	5,8%
Rekstrarhagnaður - EBIT	2.392	169	2.223	-	15.911	13.732	2.179	15,9%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(842)	(1.049)	207	19,7%	(3.234)	(2.983)	(251)	(8,4%)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag	2	0	2	-	2	0	2	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.552	(880)	2.432	-	12.679	10.749	1.930	18,0%
Tekjuskattur	(384)	(113)	(271)	239,8%	(1.862)	1.982	(3.844)	-
Hagnaður tímabilis	1.168	(993)	2.161	-	10.817	12.731	(1.914)	(15,0%)
Leiðrétt fyrir einkisliðum:								
Tekjubreyting	(1,0%)	4,6%			2,4%	12,0%		
EBITDA / rekstrartekjur	7,4%	9,5%			8,5%	9,6%		
EBIT / rekstrartekjur	2,2%	3,8%			3,7%	4,3%		
Nettóskuldir / LTM EBITDA	0,89	0,54			0,89	0,54		
Efnahagsreikningur	31.12.2013	31.12.2012	Breyting	%	31.12.2013	31.12.2012	Breyting	%
Eignir	314.365	313.281	1.084	0,3%	314.365	313.281	1.084	0,3%
Fastafjármunir	216.096	209.723	6.373	3,0%	216.096	209.723	6.373	3,0%
Veltufjármunir	98.269	103.558	(5.289)	(5,1%)	98.269	103.558	(5.289)	(5,1%)
Eigið fé	205.771	199.599	6.172	3,1%	205.771	199.599	6.172	3,1%
Skuldir	108.594	113.682	(5.088)	(4,5%)	108.594	113.682	(5.088)	(4,5%)
Vaxtaberandi skuldir	59.398	59.254	144	0,2%	59.398	59.254	144	0,2%
Nettóskuldir	33.028	21.950	11.078	50,5%	33.028	21.950	11.078	50,5%
Efnislegar eignir / heildareignir	93,5%	93,7%			93,5%	93,7%		
Eiginfjárhlutfall	65,5%	63,7%			65,5%	63,7%		
Sjóðstreymi	Q4 2013	Q4 2012	Breyting	%	2013	2012	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	7.172	12.749	(5.577)	(43,7%)	20.537	36.872	(16.335)	(44,3%)
Fjárfestingarhreyfingar	(4.980)	(8.192)	3.212	39,2%	(26.601)	(39.188)	12.587	32,1%
Fjármögnunarhreyfingar	(2.049)	3.869	(5.918)	-	(3.558)	(4.369)	811	18,6%
Breyting á handbæru fé	143	8.426	(8.283)	(98,3%)	(9.622)	(6.685)	(2.937)	(43,9%)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(449)	62	(511)	-	(1.312)	472	(1.784)	-
Handbært fé í lok tímabils	26.370	37.304	(10.934)	(29,3%)	26.370	37.304	(10.934)	(29,3%)

GYLFI SIGFÚSSON, FORSTJÓRI

„Við teljum afkomu ársins 2013 endurspeglar erfiðar aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi. Slæm veðurskilyrði á Norður-Atlantshafi og bilanir á nokkrum af skipum félagsins á fjórða ársfjórðungi settu siglingaáætlanir okkar úr skorðum og höfðu neikvæð áhrif á afkomuna. Rekstrartekjur ársins námu 433,8 milljónum evra og jukust um 2,4% á milli ára. EBITDA ársins nam 37,1 milljón evra og dróst saman um 9,1% frá árinu 2012 að teknu tilliti til einskiptisliða á því ári. Afkoma af erlendri starfsemi gekk vel á árinu en afkoma tengd starfsemi Eimskips á Íslandi var undir væntingum okkar.

Flutningsmagn í áætlunarsiglingum jókst um 3,4% á milli ára. Flutt magn til og frá Íslandi stóð í stað á milli ára en vöxtur var í flutningum tengdum Færeyjum og Noregi sem tilheyra heimamarkaði félagsins á Norður-Atlantshafi, auk þess sem vöxtur var í flutningum á milli Evrópu og Norður-Ameríku. Magn í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun jókst um 7,9% á milli ára og var vöxturinn mestur í flutningum innan Asíu og í flutningum frá Evrópu til Asíu.

Miklar breytingar voru gerðar á siglingakerfi félagsins í mars á síðasta ári sem jók afkastagetu þess og nú í febrúar 2014 var ráðist í aðlögun á siglingakerfinu meðal annars vegna þess að slæm veðurskilyrði til siglinga undanfarna mánuði hafa sett áætlunarkerfið úr skorðum. Bætt hefur verið við nýrri siglingaleið, gráu leiðinni, á milli Færeyja og Skotlands til að auka sveigjanleika kerfisins og áreiðanleika þjónustunnar við viðskiptavinum. Mikilvægt er að geta svarað kröfum viðskiptavina með skilvirku og sveigjanlegu kerfi.

Eimskip er með tvö gámaskip í smiðum í Kína og hefur félagið samið um frekari frestun á afhendingu þeirra. Gert er ráð fyrir að fyrra skipið verði komið í þjónustu um mitt þetta ár en óvissa ríkir enn um afhendingu seinna skipsins sem útlit er fyrir að verði ekki fyrr en seint á árinu. Samhliða þessum seinkunum hefur Eimskip samið um lækkun á kaupverði skipanna um alls 10,8 milljónir dollara. Seinkunin mun ekki hafa áhrif á siglingakerfið eða þjónustu við viðskiptavinum Eimskips, en hún mun hafa í för með sér áframhaldandi leigu á skipum þar sem gert er ráð fyrir að nýju skipin komi í stað tveggja leiguskipa sem félagið er með í rekstri.

Félagið vinnur nú markvisst að því að skoða tækifæri til vaxtar, sérstaklega utan Íslands, og hefur til skoðunar nokkur fjárfestingartækifæri sem falla að stefnu félagsins um að vera leiðandi flutningafélag á Norður-Atlantshafi. Vegna þessa er Eimskip í sambandi við Seðlabanka Íslands, Kauphöllina í Osló og aðrar erlendar kauphallir vegna mögulegrar tvíhliða skráningar bréfa félagsins á markað.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2014 sem nemur 2,60 krónum á hlut. Nemur heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 504,6 milljónum króna, eða 3,2 milljónum evra, sem samsvarar 30,0% af hagnaði ársins 2013.

Við gerum ráð fyrir því að EBITDA ársins 2014 verði á bilinu 37 til 41 milljón evra.“

REKSTUR ÁRSINS 2013

Rekstrartekjur Eimskips námu 433,8 milljónum evra á árinu 2013 samanborið við 423,7 milljónir evra á árinu 2012 og jukust um 2,4% á milli ára. Tekjur af áætlunarsiglingum námu 319,2 milljónum evra og jukust um 3,8% á milli ára. Aukning var í flutningum á helstu markaðssvæðum félagsins á Norður-Atlantshafi nema á Íslandi, en samdráttur var í innflutningi til landsins á milli ára. Nam heildaraukningin í magni í áætlunarsiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi 3,4% á milli ára. Tekjur af flutningsmiðlun námu 114,6 milljónum evra og drógust saman um 1,3% frá fyrra ári. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 7,9% í samburði við árið 2012, einkum vegna aukinna flutninga innan Asíu og frá Evrópu til Asíu. Verðsveiflur á alþjóðlegum flutningamörkuðum hafa áhrif á tekjur félagsins, en verð á árinu 2013 voru töluvert lægri en á árinu 2012.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 37,1 milljón evra samanborið við 36,2 milljónir evra 2012. Að teknu tilliti til einskiptisliða vegna 1,7 milljóna evra kostnaðar við skráningu félagsins á markað á þriðja og fjórða ársfjórðungi 2012 og vegna 2,9 milljóna evra kostnaðar á fjórða ársfjórðungi 2012 vegna kaupréttá sem fallið var frá nam leiðrétt EBITDA fyrra árs 40,8 milljónum evra. EBITDA

dróst því saman um 9,1% á milli ára. EBITDA hlutfall var 8,5% samanborið við 9,6% leiðrétt EBITDA hlutfall 2012. Samdráttur var í innflutningi til Íslands sem hafði neikvæð áhrif á afkomuna, auk þess sem félagið varð fyrir nokkrum rekstraráföllum á fjórða ársfjórðungi. Breytingarnar sem gerðar voru á siglingakerfi Eimskips í mars 2013, sem juku strax afkastagetu kerfisins og fastan kostnað, höfðu einnig neikvæð áhrif á afkomuna, en tíma tekur að byggja upp tekjur í nýtt og öflugra kerfi.

Afskriftir ársins námu 21,1 milljón evra en þær voru 22,4 milljónir evra á árinu 2012. Lækkun afskrifta stafar einkum af því að hluti af skipum félagsins er afskrifaður niður í niðurlagsverð.

Rekstrarhagnaður, EBIT, nam 15,9 milljónum evra samanborið við 13,7 milljóna evra rekstrarhagnað á árinu 2012. Að teknu tilliti til áðurnefndra einskiptisliða á árinu 2012 nam leiðréttur rekstrarhagnaður þess árs 18,3 milljónum evra og nam lækkunin 13,2% á milli ára.

Nettó fjármagnsgjöld námu 3,2 milljónum evra samanborið við 3,0 milljónir evra á fyrra ári. Skýrist breytingin af 0,8 milljóna evra hærra gengistapi en á fyrra ári, en á móti hefur vaxtakostnaður vegna langtímalána lækkað um 0,3 milljónir evra á milli ára.

Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt nam 12,7 milljónum evra samanborið við 10,7 milljónir evra 2012.


Gjaldfærðir skattar námu 1,9 milljónum evra á árinu samanborið við 2,0 milljóna evra tekjufærða skatta á árinu 2012, en þá eignfærði dótturfélag skattalegt tap að fjárhæð 3,6 milljónir evra.

Hagnaður eftir skatta nam 10,8 milljónum evra á árinu 2013 samanborið við 12,7 milljóna evra hagnað ársins 2012.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en þær sýna hvernig rekstrartekjur og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, skiptast á ársfjórðunga á árunum 2010 til 2013.

Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskiptisliðum á árunum 2011 og 2012. Rekstrartekjur og EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2011 hafa verið lækkaðar um 6,4 milljónir evra vegna innheimtu á áður afskrifaðri kröfu. EBITDA hefur hins vegar verið hækkuð um 0,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2011 vegna strands Goðafoss og um 0,7 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu félagsins. Að lokum var EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2012 hækkuð um alls 3,9 milljónir evra, þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra vegna kostnaðar vegna kaupréttá sem fallið var frá.

Í milljónum evra



Félagið kynnti í byrjun mars 2013 umfangsmiklar breytingar á siglingakerfi sínu. Fjölgað var um eitt skip í áætlunarsiglingum félagsins sem jók afkastagetu kerfisins um 7,7%. Meginbreytingarnar á kerfinu fólust í strandsiglingum um Ísland með beinni tengingu við Færeyjar, Bretland og meginland Evrópu og aukinni ferðatíðni og styttri siglingatíma til og frá Bandaríkjunum með viðkomu í Portland í Maine í stað Everett og Norfolk á austurströnd Bandaríkjanna. Aukinni þjónustu við Bandaríkin er einnig ætlað að styðja enn frekar við aukna flutninga á milli Norður-Noregs og Norður-Ameríku og bæta tengingu með

styttri siglingatíma á milli Bandaríkjanna og Nýfundalands. Breytingarnar leiða einnig til aukinnar þjónustu fyrir ferskan fisk frá Færeyjum og aukinnar þjónustu félagsins við vaxandi olíuiðnað á Norðurslóðum með viðkomu í Aberdeen í Skotlandi. Þá hefur einnig verið komið á tengingu inná Eystrasalt og skrifstofa opnuð í Gdynia í Póllandi.

Í febrúar 2014 var ráðist í aðlögun á siglingakerfinu í ljósi reynslu af slæmu veðurfari undanfarna mánuði. Bætt hefur verið við nýrri siglingaleið, gráu leiðinni, á milli Færeyja og Skotlands. Gráa leiðin mun auka sveigjanleika flutningakerfisins með mögulegri fjölgun viðkomuhafna í Færeyjum og mun jafnframt auka áreiðanleika þjónustunnar. Frá og með miðjum febrúar hætti rauða leiðin því viðkomu í Færeyjum og Aberdeen í Skotlandi en siglir þess í stað beint frá Íslandi til Immingham í Bretlandi og bætir þjónustu við útflytjendur ferskra og frystra sjávarafurða. Frá Immingham er siglt til Rotterdam í Hollandi, auk þess sem rauða leiðin annast áfram strandsiglingar umhverfis Ísland með einu skipi.

Félagið er nú með 16 skip í rekstri, þar af ellefu eigin skip og fimm leiguskip. Tólf skipanna eru í áætlunarsiglingum, tvö eru í "spot" þjónustu, eitt er í stórlutningum og eitt er ferja.

REKSTUR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS

- **Rekstrartekjur námu 106,9 milljónum evra og drógust saman um 1,0% milli ára**
- **EBITDA var 7,9 milljónir evra og dróst saman um 22,8% á milli ára að teknu tilliti til einskiptisliða 2012**
- **Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 7,9% á milli ára**
- **Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 6,0% á milli ára**

Rekstrartekjur fjórða ársfjórðungs námu 106,9 milljónum evra samanborið við 107,9 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi 2012 og drógust saman um 1,0% á milli ára. Tekjur af áætlunarsiglingum námu 79,2 milljónum evra og jukust um 2,8% á milli ára. Aukning var í flutningsmagni á öllum helstu markaðssvæðum félagsins og nam hún 7,9% á milli ára í áætlunarsiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi. Tekjur af flutningsmiðlun námu 27,7 milljónum evra og lækkuðu þær um 10,4% frá fjórða ársfjórðungi 2012 vegna breytinga á flutningamynstri þar sem aukning var í styttri flutningsleiðum. Lækkun tekna hafði þó ekki neikvæð áhrif á afkomu af flutningsmiðlun. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 6,0% í samburði við fjórða ársfjórðung 2012 og má rekja aukninguna til aukinna flutninga innan Asíu og aukinna flutninga á uppsjávarfiski innan Evrópu og frá Evrópu til Asíu. Verð á alþjóðlegum flutningamörkuðum á milli Evrópu og Asíu á fjórða ársfjórðungi voru töluvert lægri á árinu 2013 en árið á undan. Styrking evru á móti helstu viðskiptamyntum félagsins hefur einnig haft áhrif til lækkunar á veltu á milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, eða EBITDA, nam 7,9 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi samanborið við 6,3 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi 2012. Að teknu tilliti til einskiptisliða vegna 1,0 milljónar evra kostnaðar við skráningu félagsins á markað fjórða ársfjórðungi 2012 og vegna 2,9 milljóna evra kostnaðar á sama fjórðungi vegna kaupréttá sem fallið var frá nam EBITDA 10,2 milljónum evra. Dróst EBITDA því saman um 22,8% á milli ára. EBITDA hlutfall á fjórðungnum var 7,2% samanborið við 9,5% leiðrétt EBITDA hlutfall á fjórða ársfjórðungi 2012. Afkoma félagsins af alþjóðlegri flutningsmiðlun var góð á fjórðungnum, eða 13,8% betri en árið áður. Einnig var góð afkoma af áætlunarsiglingum í Færeyjum, Noregi og Norður-Ameríku en afkoma af flutningum til og frá Íslandi er hins vegar undir væntingum. Slæm veðurskilyrði og bilanir á nokkrum skipum í nóvember og desember settu áætlunarsiglingar úr skorðum og höfðu neikvæð áhrif á afkomu fjórðungsins.

Afskriftir námu 5,5 milljónum evra á fjórðungnum en voru 6,1 milljón evra á fjórða ársfjórðungi 2012. Lækkun afskrifta stafar einkum af því að hluti af skipum félagsins er afskrifaður niður í niðurlagsverð.

Rekstrarhagnaður, EBIT, nam 2,4 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi samanborið við 0,2 milljóna evra rekstrarhagnað á sama tímabili 2012. Að teknu tilliti til áður nefndra einskiptisliða vegna kostnaðar við skráningu félagsins á markað og kaupréttá sem fallið var frá á fjórða ársfjórðungi 2012 nam rekstrarhagnaðurinn 4,1 milljón evra og hefur því dregist saman um 41,4% á milli ára.

Nettó fjármagnsgjöld á fjórðungnum námu 0,8 milljónum evra samanborið við 1,1 milljón evra á fjórða ársfjórðungi 2012. Breytingin skýrist einkum af sveiflum í gengismun á milli ára tengdum stöðum á milli félaga innan samstæðu sem ekki hafa áhrif á handbært fé.

Gjaldfærðir skattar námu 0,4 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 0,1 milljón evra á fjórða ársfjórðungi 2012.

Hagnaður eftir skatta nam 1,2 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 1,0 milljónar evra tap eftir skatta á fjórða ársfjórðungi 2012.

EFNAHAGUR

- **Heildareignir í árslok 2013 námu 314,4 milljónum evra**
- **Eiginfjárlutfall var 65,5%**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 59,4 milljónum evra**
- **Nettóskuldir námu 33,0 milljónum evra**

Heildareignir Eimskips námu 314,4 milljónum evra þann 31. desember 2013. Til samanburðar námu heildareignir 313,3 milljónum evra í árslok 2012.

Fastafjármunir námu 216,1 milljón evra í árslok samanborið við 209,7 milljónir evra í árslok 2012. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 25,5 milljónum evra á árinu, en þar af námu greiðslur vegna smíði tveggja gámaskipa um 8,5 milljónum evra.

Veltufjármunir félagsins námu 98,3 milljónum evra í lok ársins samanborið við 103,6 milljónir evra í árslok 2012. Handbært fé í árslok nam 26,4 milljónum evra samanborið við 37,3 milljónir evra í árslok 2012. Lækkunin á árinu skýrist einkum af fjárfestingum í skipum og öðrum varanlegum rekstrarfjármunum.

Eigið fé nam 205,8 milljónum evra í árslok og var eiginfjárlutfallið 65,5%. Arður að fjárhæð 2,7 milljónir evra var greiddur til hluthafa í lok apríl. Til samanburðar var eigið fé 199,6 milljónir evra í lok árs 2012 og eiginfjárlutfallið 63,7%.

Vaxtaberandi skuldir námu 59,4 milljónum evra í lok árs 2013 samanborið við 59,3 milljónir evra í árslok 2012. Hækkun á vaxtaberandi skuldum meðal skammtímaskulda má rekja til þess að brúarlán að fjárhæð 7,6 milljónir evra sem tekið var vegna nýsmíði gámaskipa er á gjalddaga í lok árs 2014, en félagið hefur tryggt langtímafjármögnun skipanna samhliða afhendingu þeirra með lánum til tíu ára.

Nettóskuldir námu 33,0 milljónum evra samanborið við 22,0 milljónir evra í árslok 2012 og stafar aukningin af fjárfestingu í skipum og öðrum rekstrarfjármunum.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 20,5 milljónum evra á árinu**
- **Handbært fé var 26,4 milljónir evra í árslok**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar á árinu námu 26,6 milljónum evra**

Handbært fé frá rekstri nam 20,5 milljónum evra á árinu samanborið við 36,9 milljóna evra handbært fé frá rekstri á árinu 2012. Breytingin á milli ára skýrist einkum af breytingum á rekstartengdum eignum og skuldum.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 26,6 milljónum evra á árinu. Til samanburðar námu nettó fjárfestingarhreyfingar 39,2 milljónum evra árið 2012. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 29,3 milljónum evra á árinu, en þar af var fjárfest í nýjum skipum fyrir 8,5 milljónir evra. Til

samanburðar námu heildarfjárfestingar 50,5 milljónum evra á árinu 2012. Af heildarfjárfestingum ársins höfðu 2,8 milljónir evra ekki áhrif á handbært fé, en sambærileg fjárhæð var 8,9 milljónir evra á árinu 2012.

Nettó fjármögnunarhreyfingar námu 3,6 milljónum evra 2013 samanborið við 4,4 milljónir evra á fyrra ári. Sjóðsflæði var því neikvætt um 9,6 milljónir evra samanborið við neikvætt sjóðsflæði að fjárhæð 6,7 milljónir evra á árinu 2012. Handbært fé í árslok 2013 nam 26,4 milljónum evra samanborið við 37,3 milljóna evra handbært fé í lok árs 2012.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2014

Áætlað er að EBITDA á árinu 2014 verði á bilinu 37 til 41 milljón evra.

Félagið gerir ekki ráð fyrir mikilli aukningu í innflutningi til Íslands á árinu en einhver vöxtur er áætlaður í útflutningi. Gert er ráð fyrir að fundin verði lausn á makríldeilunni á Íslandi en óvissa ríkir um loðnuvertíðna á Íslandi. Í Færeyjum ríkir óvissa varðandi útflutning þar sem löndunarbann er á uppsjávarfiski í Evrópu, en væntingar eru um aukinn innflutning til eyjanna og að áfram verði mikið flutt út af laxi. Áfram er gert ráð fyrir vexti í flutningum í Noregi og einnig í flutningum á milli Evrópu og Norður-Ameríku. Gert er ráð fyrir ágætum vexti í frystiflutningsmiðlun og stefnt að opnun fleiri starfsstöðva félagsins utan Íslands á árinu. Horfur eru á því að verð á alþjóðlegum flutningamörkuðum hækki á árinu. Þá getur sú óvissa sem ríkir á vinnumarkaði á Íslandi haft áhrif á rekstur félagsins.

HLUTHAFAR

- Hlutabréfaverð í Eimskip hefur hækkað um 19,2% frá skráningu félagsins
- Markaðsvirði félagsins var 48,1 milljarður króna þann 27. febrúar 2014

Viðskipti með bréf Eimskips hófust á NASDAQ OMX Iceland þann 16. nóvember 2012. Útboðsgengi var 208,00 kr. á hlut og var lokaverð í árslok 2012 230,00 kr. á hlut. Á árinu 2013 fór lokaverð hæst í 281,00 kr. á hlut og lægst í 221,00 kr. á hlut og var meðaltalslokaverð ársins 255,05 á hlut. Lokaverð á hlut í árslok 2013 var 262,00 kr. Lokaverð þann 27. febrúar 2014 var 248,00 kr. á hlut sem jafngildir 19,2% hækkun frá útboðsgengi við skráningu félagsins. Markaðsvirði félagsins þann 27. febrúar 2014 var 48,1 milljarður króna sem jafngildir 309,9 milljónum evra.

Fjöldi útgefinna hluta er 200.000.000 og er fjöldi útistandandi hluta 194.081.180. Fjöldi hluthafa í árslok 2013 var 1.224 en var 1.189 þann 26. febrúar 2014.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2014 sem nemur 2,60 krónum á hlut. Nemur heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 504,6 milljónum króna, eða 3,2 milljónum evra, sem samsvarar 30,0% af hagnaði ársins 2013.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q4 2013	Q3 2013	Q2 2013	Q1 2013	Q4 2012
Rekstrartekjur	106.875	113.524	108.112	105.313	107.928
Rekstrargjöld	98.996	101.405	98.273	98.096	101.641
EBITDA	7.879	12.119	9.839	7.217	6.287
EBIT	2.392	6.625	4.811	2.083	169
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.168	5.079	2.038	2.532	(993)
Leiðrétt fyrir einskiptisliðum:					
EBITDA	7.879	12.119	9.839	7.217	10.202
EBIT	2.392	6.625	4.811	2.083	4.084
EBITDA / rekstrartekjur	7,4%	10,7%	9,1%	6,9%	9,5%
EBIT / rekstrartekjur	2,2%	5,8%	4,5%	2,0%	3,8%
Efnahagsreikningur	31.12.2013	30.09.2013	30.06.2013	31.03.2013	31.12.2012
Eignir	314.365	321.099	314.051	307.193	313.281
Eigið fé	205.771	205.077	200.656	202.219	199.599
Skuldir	108.594	116.022	113.395	104.974	113.682
Vaxtaberandi skuldir	59.398	60.540	60.549	55.575	59.254
Nettóskuldir	33.028	33.864	33.087	31.598	21.950
Eiginfjárhlutfall	65,5%	63,9%	63,9%	65,8%	63,7%
Sjóðstreymi	Q4 2013	Q3 2013	Q2 2013	Q1 2013	Q4 2012
Handbært frá (til) rekstri	7.172	7.420	8.226	(2.281)	12.749
Fjárfestingarhreyfingar	(4.980)	(7.090)	(6.486)	(8.045)	(8.192)
Fjármögnunarhreyfingar	(2.049)	(956)	2.001	(2.554)	3.869
Handbært fé í lok tímabils	26.370	26.676	27.462	23.977	37.304

UM EIMSKIP

Eimskip rekur 51 starfsstöð í 19 löndum og er með 16 skip í rekstri. Félagið hefur á að skipa um 1.400 starfsmönnum, þar af rúmlega 800 á Íslandi. Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öflugra þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

KYNNINGARFUNDUR 28. FEBRÚAR 2014

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 28. febrúar 2014 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon, forstjóri, og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir árið 2013 og fjórða ársfjórðung. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasíðu félagsins, www.eimskip.is/investors.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti ársreikning samstæðu Eimskips fyrir árið 2013 á stjórnarfundi þann 27. febrúar 2014.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Aðalfundur verður haldinn 27. mars 2014
- Uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2014 verður birt 22. maí 2014
- Uppgjör annars ársfjórðungs 2014 verður birt 28. ágúst 2014
- Uppgjör þriðja ársfjórðungs 2014 verður birt 20. nóvember 2014
- Uppgjör fjórða ársfjórðungs 2014 verður birt 26. febrúar 2015
- Aðalfundur verður haldinn 26. mars 2015

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon, forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.